

67 **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu um 16. júní flutning þingstaðar Tálknafjarðarhrepps.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 1. þ. m., meðmælum hlutaðeigandi sýslumanns, og beiðni hreppsnefndarinnar í Tálknafjarðarhreppi í Barðastrandarsýslu, vil jeg hjer með samþykkja, að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Kvígindisdal að Sveinseyri, þó með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um, að til verði hæfilegt hús til þinghalda á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

68 **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um embættislán til jarðabóta handa 25. júní Hvammsprestakalli.** — Samkvæmt beiðni prestsins að Hvammi í Laxárdal í Skagafjarðarprófastsdæmi og tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 20. þ. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess að nefndur prestur veðsetji hreppsþjelagi Skeflsstaðahrepps nokkurn hluta af tekjum prestakallsins fyrir 600 króna láni til endurbóta á túni og engjum prestssetursins, af lánsþje því, sem hreppurinn hefir fengið úr landssjóði til jarðabóta samkvæmt 21. gr. nügildandi fjárlaga; er þetta leyfi mitt því skilyrði bundið, að lánið standi afborgunarlaust fyrstu 5 árin en endurborgist síðan af tekjum prestakallsins á 15 árum samfleytt með jöfnum atborgunum.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

69 **Staðfesting konungs á »skipulagsskrá fyrir minningarsjóð lector 1. apríl theol. Sigurðar Melsteðs«,** gefin út á venjulegan hátt af ráðgjafanum fyrir Ísland, Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð lector theol. Sigurðar Melsteðs.

1.

Sjóðurinn er myndaður af fé, sem nokkrir andlegrar stjettar menn hér á landi skutu saman við burtför lector theol. Sigurðar Melsteðs frá prestaskólanum í Reykjavík árið 1885, í þeim tilgangi, að af því skyldi myndaður sjóður, er bæri nafn hans, en að honum væri að öðru leyti í sjáltsvald sett, hvernig sjóðnum skyldi varið og fyrir komið. Var þetta síðan ávaxtað og lagt í útborgunardeild Söfnunarsjóðsins 1. apríl 1895; var sjóðurinn þá kr. 370,83. Um leið og lector Sigurður Melsteð með brjefi 23. marz 1895 afhenti sjóðinn meðundirskrifuðum landshöfðingja, fól hann okkur undirskrifuðum að semja skipulagsskrá fyrir sjóðinn samkvæmt þeim undirstöðuatriðum, sem hann hafði skrásett.

2.

Biskup landsins ásamt landshöfðingja eða æðsta valdsmanni, sem búsett-